

## AUGLÝSING

### um bann við lausagöngu ógeltra hesta 12 mánaða og eldri í Skagafirði.

Ógeltum hestum 12 mánaða og eldri skal haldið í öruggri vörslu allt árið. Örugg varsla er nánar skilgreind í reglugerð um vörslu búfjár nr. 59/2000. Gildir auglýsing þessi fyrir allt starfssvæði hrossaræktarsambands Skagfirðinga. Auglýsing þessi er sett samkvæmt beiðni landbúnaðarnefndar Skagafjarðar og hrossaræktarsambands Skagafjarðar að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og með heimild í 6. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl. ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.*

F. h. r.

**Björn Sigurbjörnsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

*Svæði A (Gamli bærinn)*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 1. febrúar 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði A (Gamli bærinn). Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi eldri skipulög fyrir sama svæði.

*Reykjanesbæ, 24. júlí 2000.*

**Hjörtur Zakaríasson** bæjarritari.